

**Nd.**

**419. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina kemur ný málsgrein:

Nú fækkar rjúpunni svo, að ástæða þykir til þess að friða hana allt árið, og er þá ríkisstjórninni heimilt að skipa svo fyrir með reglugerð um eitt ár í senn.

2. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:

Fyrir hverja rjúpu, sem veidd er á friðunartíma, skal sá, er brotlegur verður, sæta 10 kr. sekt, og tvöfaldast sektin við ítrekun brotsins. Sömu sekt skal og hver sá maður sæta, er selur eða kaupir, gefur eða þiggur að gjöf rjúpu, sem svo er ástatt um, enda sje honum kunnugt, að svo hafi verið.